

84

20. maí

## AUGLÝSING

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu  
nr. 2 6. janúar 1938.

## 1. gr.

Aftan við 11. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Þó skal hreppsnefnd Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps gefin heimild til að fresta leitum um 1 viku í Súðavíkurhreppi og ytri hluta Ögurhrepps, ef samkomulag verður um það þeirra í milli.

## 2. gr.

12. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Sérhver fjáreigandi, sem ekki er hjú, og á 3 kindur framgengnar, skal fjallskil gera samkvæmt skipun hreppsnefndar. Nú vanrækir fjáreigandi að leggja til menn í leitir og skal hreppsnefnd sjá um, að hann greiði þau fjallskil, sem gerð eru á hans kostnað, sökum vanrækslu þessarar, með því almenna verðlagi sem gildir í sveitinni um aðra vinnu.

## 3. gr.

Í stað orðanna í upphafi 19. greinar: „Á vorhreppaskilum ákveður hreppsnefnd“, — komi: Hreppsnefnd ákveður o. s. frv.

## 4. gr.

Í 30. grein komi: í stað „10 aurar“ — kr. 1.00, og í stað „2 kr.“ — kr. 20.00.

Breyting þessi sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 1927, til að öðlast gildi 1. júlí 1957, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. maí 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

85

17. maí

## REGLUGERÐ

um löggæzlu á skemmtisamkomum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

## 1. gr.

Skemmtisamkomur má eigi halda á samkomustöðum Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nema að fengnu leyfi sýslumanns. Skal hann jafnframt ákveða, hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtana skulu sækja um leyfi til skemmtanahaldsins eigi síðar en viku áður en skemmtun skal halda.

## 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum sýslumanns, löggilt minnst 6 löggæzlumenn, er skulu hafa eftirlit með skemmtisamkomum.

Löggæzlusvæðið er Snæfellsness- og Hnappadalssýsla. Heimilt er þó að skipta 85  
 héraðinu í þrjú svæði, þannig, að hrepparnir sunnanfjalls verði eitt svæði, Nes- 17. maí  
 hreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur annað, og Eyrarsveit, Helgafells-  
 sveit, Skógarströnd og Stykkishólmur hið þriðja. Verði tveir löggæzlumenn stað-  
 settir á hverju svæði.

Löggæzlumenn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni um að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtunin á að hefjast, og dvelja þar, þar til henni er lokið, og mega þeir eigi fara af staðnum, fyrr en húsum þeim, er skemmtun var haldin í, hefur verið lokað.

Ef löggæzlumaður hefur forföll, svo að hann getur eigi mætt á skemmtun, er honum heimilt að fá annan löggæzlu mann til að annast fyrir sig löggæzlastarfið.

Löggæzlumönnum er heimilt að kveðja sér til aðstoðar tvo menn eða fleiri, úr hlutaðeigandi hreppi þar sem skemmtun er haldin, ef löggæzlumenn telja þess þörf, og skulu þeir jafnan vera löggiltir. Þeir einir geta orðið löggæzlumenn, er fengið hafa fræðslu og þjálfun til starfsins.

### 3. gr.

Löggæzlumenn skulu halda uppi reglu á skemmtunum, er þeir hafa eftirlit með, og er þeim heimilt að flytja á burt af skemmtistaðnum þá menn er óspektum valda. Auk aðstoðarmanna sinna geta þeir kvatt sér til aðstoðar við að halda uppi reglu, forstöðumenn skemmtunarinnar, þjónustulið þeirra og aðra borgara.

Ef löggæzlumönnum virðist ölvun á skemmtun ætla að keyra úr hófi, er þeim heimilt að slíta samkomunni, og er þá öllum samkomugestum skylt að fara út úr samkomuhúsinu eða burt af samkomusvæðinu, ef um útiskemmtun er að ræða.

Ef rökstuddur grunur leikur á, að áfengi sé selt úr bifreiðum á samkomustað eða í námunda við hann, er löggæzlumönnum og aðstoðarmönnum þeirra heimilt að leita áfengis í bifreiðunum.

Að lokinni skemmtun skulu löggæzlumenn, ef þeir telja sig, vegna öläðis manna, eiga hafa getað haldið uppi fullkominni reglu á skemmtuninni, gefa sýslumanni skriflega skýrslu um starf sitt. Skulu þeir tilgreina nöfn þeirra manna, er verið hafa ölvaðir á skemmtuninni og eigi hafa hlýtt fyrirmælum þeirra. Skulu þeir lýsa ölvun þeirra, tilsvörum, háreisti, er þeir hafa gert og handalögmálum, er kunna að hafa orðið.

### 4. gr.

Sýslumaður gefur út erindisbréf til handa löggæzlumönnum. Skulu þar settar reglur um, hvernig þeir skuli haga störfum sínum. Löggæzlumönnum skal láta í té ókeypis einkennisbúning, en aðstoðarmönnum þeirra einkennishúfur eða merki. Sé gerð spjöll á einkafatnaði löggæzlu manna eða aðstoðarmanna, er þeir sinna löggæzlastörfum, skal rikissjóður bæta þeim þann skaða, ef hann fæst eigi bættur á annan hátt.

### 5. gr.

Sýslumaður ákveður hverju sinni hvaða þóknun löggæzlumönnum og aðstoðarmönnum þeirra skuli greitt fyrir starf þeirra. Þeim skal og greiða ferðakostnað að og frá skemmtistað samkvæmt samkomulagi eða eftir reikningi.

### 6. gr.

Sýslumaður skal ár hvert á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní kalla forstöðumenn samkomustaða í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á fund í Stykkishólmi. Á fundinum skal rætt um á hvern hátt þess verði bezt gætt, að skemmtanir þær, er haldnar verða í héraðinu á því ári, fari sómasamlega fram. Á fundi þessum skulu löggæzlumenn mæta.

85

17. maí

7. gr.

Ef fundarmenn á fundi þeim, er greinir í 6. gr., verða sammála um að nauðsyn beri til að setja reglur um útilokun þeirra manna, er sannir hafa orðið að því að valda spjöllum á samkomum, frá því að sækja skemmtanir í héraðinu, skulu forstöðumenn samkomustaða, þeir er fundinn sækja, tilnefna tvo menn úr sínum hópi með fullu umboði, er ákveða skulu með sýslumanni, hverjum þeirra manna, er löggæzlumenn hafa í skýrslum sínum tilgreint, að hafi hegðað sér ósæmilega á skemmtunum, skuli bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðs, og um hve langan tíma.

8. gr.

Þá skal sýslumaður, er honum hefur borizt skýrsla löggæzlumanna samkvæmt 3. gr., kveðja tvo menn úr hópi forstöðumanna samkomustaða, er um ræðir í 6. gr., á fund, og skal hann þá ásamt þeim ákveða eftir að hafa kynnt sér skýrslur löggæzlumanna, hverjum skuli bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðsins, og um hve langan tíma bannið skuli gilda.

Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum samkomustaða í héraðinu, löggæzlumönnum öllum og manni þeim, er bannið er beint gegn.

Meðan bannið gildir ber löggæzlumönnum, forstöðumönnum skemmtistaða og þjónustuliði þeirra að synja þeim mönnum, er banninu er beint gegn, um aðgang að skemmtunum, er haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis.

9. gr.

Kostnaður, er leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en hinn hlutinn greiðist að jöfnu af sýslusjóði og hlutaðeigandi sveitar-sjóði.

Þó kostar ríkissjóður einn einkennisbúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu og þjálfun löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra.

Laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, og getur sýslumaður sett það skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag skemmtun á samkomustað innan héraðs, skal sýslumaður krefjast þess, að hlutaðeigandi aðili greiði hluta sýslusjóðs og sveitar-sjóðs af kostnaði við eftirlit með skemmtuninni.

Haldi utansveitarmaður eða félag, en þó úr héraðinu, skemmtun á samkomustað í héraðinu, skal sýslumaður krefjast þess að hlutaðeigandi aðili greiði hluta sveitarsjóðs af kostnaði við eftirlit með skemmtuninni.

Reglugerð þess, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Dómsmálaráðuneytið, 17. maí 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Baldur Möller.*